

Skipulagsstofnun  
Sigmar Arnar Steingrímsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
18. jan. 2011 10.5.4
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 18. janúar 2011  
Tilvísun: UST20110100090/bs


### Breyting á legu jarðstrengs frá Bjarnarflagi að Kröflustöð. Umsögn um matsskyldu.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 7. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða breytingu á legu 132 kV háspennustrengs sem fyrirhugað er að leggja frá Bjarnarflagi að Kröflu. Við mat á umhverfisáhrifum komu fram athugasemdir við legu strengsins um hraun í Hlíðardal meðfram Kröfluvegi. Lagt var til í athugasemdum að leggja strenginn austur í dalnum til að hlífa hrauninu.

Í breytingunni felst að strengleiðin er á um 3,8 km löngum kafla færð að hluta eða öllu leyti austur fyrir hraun í Hlíðardal. Tilgangur breytingarinnar er að lágmarka risk á eldhrauni. Gróðurfar á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði utan hraunfláka einkennist af fjalldrapa- og krækilyngsmóum með ósamfelldum graslendisblettum inn á milli. Gróðurfélögin eru öll algeng á svæðisvísu og ekki er talið að sjaldgæfar tegundir finnist á umræddu svæði. Efnistaka verður í námum sem nú eru í notkun og þar verður unnt að koma umfram efni fyrir sem til fellur við strenglögna.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd breyting á legu háspennustrengs frá Bjarnarflagi að Kröflustöð muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt  
  
Björn Stefánsson

  
Kristín L. Árnadóttir  
Forstjóri